

að búið var að þurka hann, enda er þetta í samræmi við bréf stjórnarráðsins 6. maí 1915, en þar segir að vörutollurinn verði endurgreiddur, ef farmurinn verði útfluttur.

Þar sem kröfur gagnáfrýjanda verða ekki teknar til greina, ber eftir kröfu áfrýjanda að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Úr ríkissjóði skal greiða áfrýjanda Sveini Björnsyni fyrir hönd firmans Bookless Bros 60 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Mánudaginn 22. desember 1919

Nr. 17/1919: Hlutfélagið »Ísbjörninn«
 gegn
 skiftaráðandanum í Barðastrandar-
 sýslu f. h. þrotabús M. Olsen,
 Ólafi Jóhannessyli o. fl.

Dómur:

Vorið 1914 keypti verzlunarfirmað M. Olsen á Patreksfirði kutterskipið Express frá Færeyjum og

var það í afsalsbréfinu talið 32 smálestir að stærð. Þetta sama skip fól verzlunarfirmað Ara Antonssyni verzlunarmanni í Reykjavík að selja; auglýsti hann það til sölu og tilgreindi í auglýsingunni stærð þess 31,87 smálestir eins og seljandi hafði látið tjá honum. Samkvæmt auglýsingunni keypti h/f »Ísbjörninn« í Reykjavík skipið fyrir 6900 kr., er það greiddi að fullu. Í afsalsbréfinu, dags. 24. marz 1917, er eigi getið um stærð skipsins, en þar er ákveðið að kaupandi taki við því á Patreksfirði, og gerði hann út menn þangað til að sækja það, en þá hafði firmað M. Olsen framselt eignir sínar skiftaréttinum til þrotabúsmeðferðar, og fyrir því afhenti skiftaráðandi skipið, en samkvæmt fiskiveiðaskírteini, er því fylgdi, var stærð þess talin aðeins 23,16 smálestir, og þegar það var mælt hér, eftir að það kom að vestan, mældist það 25,66 smálestir. Þegar kaupendur sáu að svo mikið skakkaði um stærð skipsins frá því, sem upp var látið við söluna, töldu þeir kaupin ógild og kröfðust að þau gengu aftur, en skiftaráðandi tók því fjarri þrotabúsins vegna. Með því að kaupendur þóttust eigi geta notað skipið til þess er þeir höfðu ætlað það, er það var svo miklu minna en þeir höfðu búist við, seldu þeir það fyrir 6000 kr. Gerðu þeir svo kröfu í þrotabúið fyrir verðmismuninum, 900 kr., og kostnaði við flutning skipsins frá Patreksfirði til Reykjavíkur, váttryggingu o. fl., 790 kr. 31 e., samtals 1690 kr. 31 e. Á skiftafundi í búinu 16. des. f. á. var þessari kröfu mótmælt af Ólafi Jóhannessyni konsúl og fleiri skuldheimtumönn-

um búans, og um þau mótmæli kvað skiftarétturinn upp úrskurð 22. jan. þ. á. á þá leið, að krafa hlutafélagsins yrði eigi tekin til greina við skiftin á búinu.

Þessum úrskurði hafa stjórnendur hlutafélagsins »Ísbjörninn«, þeir Ólafur Benjamínsson kaupmaður, Geir Sigurðsson skipstjóri og Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. marz þ. á og krafist þess, að hinn áfrýjandi úrskurður verði feldur úr gildi, krafa þeirra í protabúið tekin til greina og þeim dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Fyrir hönd þrotabúsins er krafist sýknunar í málinu, að úrskurðurinn verði staðfestur og búinu dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins

Þó að eigi sé í afsalsbréfinu frá M. Olsen til áfrýjanda getið um stærð skipsins, er enginn ágreiningur um það, að firmað hafi látið uppi eða látið auglýsa stærð þess 31,87 smálestir, enda er því haldið fram af hinum stefndu, að þessi stærð sé hin rétta eða eigi oftalin sankkvæmt hinni einu löglegu mælingu skipsins, sem til sé. Því til sönnunar vísa stefndu til skrár, er út var gefin í janúarmán þ. á. af skrásetningar- og mælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn að tilhlutun verzunarráðuneytisins danska, en þar er skipið talið 32 smálestir. Taka stefndu það fram, að mæling sú, er gerð var hér á skipinu eftir að það var keypt frá Føreyjum, hafi eigi verið send skrásetningar- og mælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn til yfirskoðunar og rannsóknar, eins og fyrir er

mælt í lögum nr. 31, um skrásetning skipa 13. des. 1895, 10. gr og sé því eigi löglega frá henni gengið.

Í símskeyti dags. 29. maí 1917 til Ara Antons-sonar getur sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu þess, að eldra danskt mál á skipinu Express hafi verið 31,87 smálestir og hafi M. Olser farið eftir því og þykir því mega gera ráð fyrir að sýslumanninum hafi verið sýnt hið danska mælingarskirteini eða þjóðernisskirteini, þegar skipið kom frá Færeypjum enda er það ómótmælt að smálestatal skipsins eftir þeirri mælingu hafi, er áfrýjandi keypti skipið, verið markað á það, á þiljubitann á afturrönd stórlúkunnar, eins og fyrir er mælt í 3. gr skrásetningarlaganna 1895 Hinsvegar hafa ekki verið lögð fram í málinu mælingarbréf skipsins, hvorki um hina fyrri mælingu eða hina síðari og sést því ekki eftir hvaða reglu skipið hefir verið mælt eða hvernig stendur á þessum mun eða skakka milli mælinganna, og hin síðari mæling hefir ekki verið endurskoðuð af skrásetningar og skipamælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn, en því hefir ekki verið haldið fram í málinu að nein breyting hafi verið gjörð á skipinu eftir að firmað M. Olsen eignaðist það, og virðist ósamræmið milli mælinganna því ekki geta stafað af síðari b eytingum á því.

Eftir því sem fyrir liggur getur yfirdómurinn engan dóm á það lagt hvor mælingin er réttari, en af því leiðir að það verður ekki talið sannað, að firmað M. Olsen hafi sagt rangt til um stærð skipsins með því að láta uppi þá stærð, er skráð var á aðalskrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni í

Kaupmannahöfn, og verður hinu stefnda protabúf eftir því eigi gjört að greiða áfrýjendum skaðabætur fyrir það, að skipið hafi verið sagt stærra, en það var í raun og veru.

Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og skiptarétturinn, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og þykir rétt að áfrýjendur greiði hinum stefnda skiptaráðanda fyrir hönd protabúsins, málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Skiftaréttarúrskurðinum skal óraskað. Áfrýjendur, stjórnendur hlutafélagsins Ísbjörninn, greiði stefnda skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu fyrir hönd protabús M. Olsen 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 22. desember 1919.

Nr. 29/1919:

M. Eskildsen fyrir hönd
 »Hins íslenska steinolíuhlutafélags«
 gegn
 Sigurði Jónssyni fyrir hönd
 hlutafélagsins »Framtíðin«.